

EFTIRLITSSKÝRSLA

Alvotech (flokkur 1) Sæmundargata 15-19



Dags eftirlits	3.5.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Kristinsdóttir
Fyrirtæki	Alvotech (flokkur 1)	Eftirlitsmaður	
Heimili	Sæmundargata 15-19	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	710113-0410	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Axel Tamzok	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi Alvotech fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar örverur. Engin frávik komu fram og engar ábendingar voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit með leyfi Alvotech til afmarkaðrar starfsemi með erfðabreyttar örverur í flokki I að Sæmundargötu 15-19 í Reykjavík. Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar (gr. 1.2 í leyfi)
2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis (kafla 2 í leyfi)
3. Innra eftirlit rekstraraðila (kafla 3 í leyfi)
4. Skoðunarferð

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa rekstraraðila. Farið var yfir leyfið þ.m.t. skráningu og meðhöndlun úrgangs, afmörkunarráðstafanir og vinnudagbækur og var verklag í samræmi við ákvæði leyfisins.

Að loknum fundi var farið í skoðunarferð um svæði þar sem unnið er með erfðabreyttar örverur sem og þar sem úrgangur er meðhöndlaður. Allt er mjög snyrtilegt, skipulagt og aðgangsstýrt. Ekki var tilefni til athugasemda.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.05.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir